



Uppskriftir, klausur úr ýmsum dagblöðum, en mest úr  
Tímaritinu Rétti c.a. 1923-1950, um heimsstríð, horfur  
auðvaldi, Halldór Laxness, Sovétstjórnina, Jesús Krist o.fl.

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Dómsmálaráðherra – Þjóðviljinn – Réttur og bylting - Réttur

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Bréfa- og málasafn 1946-1953.  
Askja 2-15, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Definisjon på en kosmopolitt i «Sovjet Encyclopedia». Utgaven for 1935: «Den som hevder at han ikke hører til noen enkelt nasjon, men betrakter hele verden som sitt hjem.»

Utgaven for 1949: «En person med upatriotiske, borgerlige meninger som hyklersk hevder at hele verden er et bestemt fedreland og som nekter å forsvare sitt eget land.» (— T. R. Fyvel i «The New Leader».)

helt fra 1880-årene var at arbeiderne og kapitaleierne har felles interesser, var han ikke tilhenger av noen solidarisk lønnspolitikk. Dette kommer særlig frem under behandlingen av teorien for akkordarbeid (s. 226). Men han anla heller ikke noe ensidig arbeidsgiversyn.

Tventimot understreket han sterkt at når først en akkord er fastlagt må ikke arbeidsgiveren slå den ned

Réttur, 1.hefti, 1930. Úr ritdómi Gunnars Ben.: Evisaga Jesú frá Nazaret.

bls. 309

"Séra Gunnar er laus af klafa trúarbragðanna."

bls. 311

"Þetta er í fáum dráttum hramsagan um byltingamanninn, verkalyósforingjann, Jesú frá Nazaret. En hryggilegasti þátturinn í sögu hans hefst þó ekki fyrr en hann er dáinn, þegar hann er gerður að trúarbragðahöfund og verður smám saman verkfæri í höndum þeirrar stéttar, er hann hataði og barðist gegn, verkfæri til þess að halda kúguðum lýð í þrælslegri/auðmýkt. Í 19 aldir hefur minning Jesú frá Nazaret verið svívirt í hverri kristinni kirkju.

Verkalyósforinginn, byltingarmaðurinn, bolschevikkinn, Jesú frá Nazaret, verður guð yfirstéttanna, arðræningjanna!-----  
Sem betur fer eru trúarbrögðin sem óðast að missa tökin á fólkinu."

bls. 312

"Vonandi verður þessi bók til þess að hjálpa mörgum til þess að losa sig af klafa trúarbragðanna og skilja, að Jesú frá Nazaret stofnaði aldrei nein trúarbrögð. Þvert á móti var hann trúarbragðaandstæðingur. Hann var foringi

snú

Réttur, 1.hefti, 1930. Úr greininni: "Alþýðuverzlanir." eftir H.K.Laxness.

bls. 94-95.

"Eins og ég sagði áðan, er það allt of almenn skoðun, að til þess að koma áhugamálum sínum í framkvæmd, þurfi ekki annað en setja kross fyrir framan rétt nöfn, þegar kosið er, keppa að því að tryggja sér þingmeirihluta og kasta svo öllum áhyggjum upp á fulltrúana og ötulleik þeirra á hinum pólitíska vettvangi. Sumir álíta aftur á móti að eina ráðið til að framkvæma hugmyndir jafnaðarstefnunnar sé blóðug bylting og valdataka verkalyósins með ofbeldi. Mér dettur ekki í hug að afneita því að þetta kunní að vera hin viturlegasta aðferð í ýmsum löndum."



Réttur, 1.tbl., 1930. Úr gr: "Fyrsta ár mitt sem verkamaður í RB." eftir A. Kjærulf Nielsen.

bls. 32

"Nú hafa kjörskrár verið hreinsaðar, og nýjar kosningar í ýmsar bæjarstjórnir og sóknarnefndir farið fram í fylki þessu. Það er nefnt "að hreinsa kjörskrána", að strika út af þeim nöfn manna, sem ekki hafa atkvæðisrétt samkvæmt kosningarlögum, en hafa þó komið á þær með einhverju móti. Í RB hafa braskarar og storbændur og annar andbyltingasinnaður hluti þjóðarinnar ekki kosningarrétt. Í öðrum löndum munu það vera þessir flokkar manna, sem oft láta mikið til sín taka."

Réttur, 1.hefti, 1930: Úr greininni:

"Hin efnalega söguskoðun." eftir Brynj. Bjarnason.

bls. 14-15

Í sósíalistisku þjóðfélagi horfir þetta allt öðru vísi við. Menn hætta að líta á málin frá sjónarmiði einstaklingsins. Vilji mannanna verður skipulagður og menn finna, að þeir eru sjálfir þróunaröflin og að söguþróunin er á valdi þeirra. Menn finna sig ekki lengur háða neinum utanaðkomandi mætti og hætta því að trúá á mynduð, yfirnáttúrleg öfl. Trúarbrögðin hverfa."

Síðar á bls. 15

"Forystulið verkalýðsins á 20. öldinni, kommúnistaflokkarnir, gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til að uppræta illgresi trúarbragðanna meðal verkalýðsins."



Réttur 1.-2.hefti 1927. Úr greininni:  
"Kommúnisminn og bændur." eftir Brynj.Bj.  
bls. 180

"Reynsla allra þjóða og allra stétta er sú, að kúgun verði aðeins brotin á bak aftur með valdi. En þessi almenna reynsla nægir ekki. Hver verður að læra af eigin raun. Stéttabaráttta íslensku alþýðunnar til sjávar og sveita mun verða til þess, að hún öðlast einnig þenna dýrkeypta lær-dóm. Varanlegar hagsmunabætur og framfar- möguleikar fást aðeins með þjóðfélags- byltingu."

Réttur, 1933. Úr greininni: "Sósíalismi eða fasismi." eftir Einar Olgeirsson.

bls. 210

"Leiðin til sósíalismans, til afnáms auð- valdsskipulagsins, það er okkar leið út úr kreppunni, og sú leið verður eingöngu farin með vögðarlausri dagurbaráttu verkalyðsins, vörn gegn hungurárásum auðvaldsins, sókn fyrir bættum líf skjörum. Og takmark þeirrar sóknar er verkalyðsbyltingin, sem leggur grundvöllinn að þjóðfélagi sósíalismans."

bls. 212

"Kommúnistaflokkurinn vill byltingu, af því hann vill sósíalismann og veit að honum verður ekki komið á öðruvísi, eins og reynslan í Rússlandi og Þýzkalandi best hefir sannað." Neðar á sömu bls.

"Þá verður verkalyðurinn einnig að búa sig til vopnaðrar uppreisnar, ef hann á að sigra. Að predika yfir honum friðsamlega breytingu auðvaldsskipulagsins, það er hlutverk þeirra manna, sem vilja teyma hann eins og lamb undir fallöxi fasismans."

bls. 216

"En byltingarhreyfing verkalyðsins er hvorki sigruð né kafð. Meðan lyddur "lýð- ræðisins" flýja og skríða í felur, talar

snú

fullhugi byltingarinnar, Dimitroff, hetju-  
máli sínu og snýr réttarofsókn upp í sókn  
gegn honum."

Réttur, 1933. Úr greininni: "Efling kommún-  
ismans og andóf Jónasar frá Hriflu." eftir  
Einar Olgeirsson.

bls. 92

"En verkamanna- og bændastjórn á Íslandi  
myndi eiga hæk í horni, þar sem er fyrst  
og fremst Sovétríki verkalýðs og bænda sem  
nær yfir sjötta hluta jarðarinnar, og enn-  
fremur hinn byltingasinnaði verkalýður  
allra landa."



Réttur, 1932. Úr greininni: "Fangelsin  
í Sovét-Rússlandi." eftir Björn Franzson.  
bls. 217

"---Verkalýðsríkið verður auðvitað að  
hefta frelsi þeirra manna, sem vilja kippa  
fótunum undan því og koma aftur á fót auð-  
valdsstjórn í landinu,-----"

Réttur, 1.hefti, 1931. Úr greininni:  
"Stefna Kommúnistaflokks Íslands í  
landbúnaðarmálum." eftir Brynj. Bjarnason.  
bls. 169

"Til eru þeir bændur á Íslandi, sem  
hafa fyllstu ástæðu til að taka aðvarðnir  
"Tímans" og "Morgunblaðsins" um ógnir og  
skelfingar kommúnismans alvarlega. Ótti  
þeirra við Kommúnistaflokkinn er á fullum  
rökum byggður."



Réttur, 1. hefti, 1931. Úr greininni:  
"Frá Leningrad til Baku." eftir Aðalbj.  
Pétursson.

bls. 42 (Sagt er frá hátíð í fylkinu  
Dageistan.)

"Eru þar margar byltingarsinnaðar ræður  
haldnar og við hvattir til að feta í fótspor  
Dageistanbúa í því að brjóta okkur braut  
til frelsisins með vopnum, sem sé hin eina  
færa leið."

bls. 44

"Launastigin eru fjögur. Fyrst stjórnendur  
og verkfræðingar, er hafa um 500 rúblur í  
kaup á mánuði. Næst er það skrifstofufólk,  
sem hefir 55-118 rúblur, og almennir verka-  
menn 51-115 rúblur."

bls. 53

"En ég veit líka, að hinn fórnfúsi rúss-  
neski verkalyður hefurekki eingöngu barizt  
til sigurs, heldur mun hann og fús til að  
berjast til varnar hinna björtu framtíð og  
ekki vikna né víla, þó blóði einstaklinga  
verði úthellt dropa fyrir dropa fyrir hina  
græðandi framtíð heildarinnar.

Hamingjan fylgi þér, öreiganna föðurland!  
Heill sé þér, göfuga öreigæska!  
Lifi rússneski öreigalyðurinn!  
Lifi heimsbyltingin!"

Réttur 1946.

bls. 65

Stalin: -"hinn mikli og válegi  
stjórnmalaleikur, sem fylgismenn  
hlutleysisstefnunnar leika, getur  
endað með alvarlegum ~~h~~ hrakföllum  
fyrir þá."

Réttur 1934. Kristinn E. Andrésón.

bls. 9

Þeirri kenningu er miskunnarlaust verið að berja inn í alþýðuna, að ríkið sé hlutlaus stofnun, er sjái jafnt fyrir hagsmunum allra þegna sinna.

Fulltrúar þess eru látnir njóta réttinda, helgi og virðingar umfram aðra menn.

Hver óþokki í lögreglubúningi er margfalt rétthærri en bóndi eða verkamaður við vinnu sína.

Réttur 1934. Kristinn E. Andrésón.

bls. 9.

Þegar yfirstéttinni stafar orðið hætta af samtökum verkalyðsins, fellur skyndilega hlutleysisgríman af ríkisvaldinu og grimmúðleg auðvaldsásjónan kemur í ljós. Þá er lögreglan, sem stofnuð var til að "halda upp friði og reglu", látin kæfa í blóði baráttusamtök alþýðunnar, að fyrirskipun auðvaldsins.



Réttur 1946. Ásgeir Bl. Magnússon:  
Afvopnun Íslendinga.

bls. 108

Það er auðsætt, að Íslendingar  
hefðu tæpast getað reist rönd  
við dönskum her, þótt þeir hefðu  
verið vopnaðir og samtaka. En  
hitt er líklegt, að við ýmsu hefði  
mátt sporna, auk þess sem þjóðinni  
hefði eflaust glæðzt sjálfstraust,  
ef hún hefði sjálf getað hrundið  
af sér árásum erlendra ræningja  
og blík máttarvitund eftt hana til  
andófs gegn ágangi konungsvaldsins.

Réttur 1947. Jóhannes úr Kötlum.

bls. 138.

Forréttindastéttirnar og málpípur  
þeirra hafa frá upphafi vega reynt  
að telja fólkinu trú um, að það sé  
bæði heimskt og illgjarnt, syndum  
spilltur, volaður lýður, sem einskis  
hafi að vanta nema fyrir það.

Réttur 1946.

bls. 126 & 7

"Á síðasta fundinum var það lagt til af hálfu sovétstjórnarinnar, að ef Finnar getu ekki fallizt á að leigja Rússlandi Hangö sem flotastöð, yrðu því leigðar til þessara afnota einhverjar eyjanna í grennd, Hermannsey, Kýrey, Hestey og Búsey og auk þess skipalagi í Lapvíkurhöfn. -----  
Finnland getur ekki veitt erlendu ríki hernaðarstöðvar á landsvæði sínu og innan sinna landamæra. -----  
Finniska stjórnin telur sig því ekki geta fallizt á þessa tillögu". -----  
Vér vorum þá þeirrar skoðunar, að kröfur Rússa væru bæði eðlilegar og hófsamar, með hliðsjón af því ástandi, er þá ríkti í alþjóðamálum.

Réttur 1948. Jóhannes úr Kötlum.

bls. 33

Nú hefst glæsilegasti kaflinn í ævi Arnulfs Överlands.-----

Hann vegur að hræsni og rotnun auðvaldsþjóðfélagsins, ekki aðeins í ljóði, heldur og skörpum, hnittnum ádeiluritgerðum. Honum er nú unun að því að valda "opinberum hneykslunum". Hann ræðst á kristindóm og föðurland, jafnvel sjálfan þjóðsönginn, af einlægum viðbjóði á öllum hinum borgaralega yfirdrepskap.



Réttur 1948. Jóh. úr Kötlum

bls. 43

Arnulf Överland er orðinn alger stjórnleysingá í hugsun. Hann gerir engan greinarmun á byltingu og gagnbyltingu, nýsköpun og hrörnun, siðbót og afsiðun. Þegar til kemur stendur honum hjartanlega á sama um, hvort ofbeldið er beint gegn dauðu formá eða lifandi þróun, glæpamanni eða barni. Enn harmar hann fráfall nokkurra rússneskra valdamanna og herforingja, sem sátu að svikráðum við þjóð sína.

Réttur 1948. Jóhannes úr Kötlum.

bls. 36

Maður hefði vissulega getað vanst þess, að hin sameiginlega barátta gegn nazismanum hefði sannfært Överland um gildi þeirrar pólitísku einingar, sem hreinsanirnar skópu, og reyndist frumskilyrði sigursins í styrjöldinni.

Réttur 1947. Jóhannes úr Kötlum.

bls. 142.

Éins og það (afturhald allra tíða) hefur reynt að halda konum í félagslegri ánaðu með því að gefa þeim nóg af þúðri og varalit og segja síðan kurteislega: "damerne först", eins hefur það reynt að véla um listamennina og gera úr þeim eins konar fígúrur, með því að telja þeim trú um, að þeir væru allt öðrum lögmálum háðir en annað fólk.

Réttur 1947. bls. 150. Jóh. úr Kötlum.

Og þegar Tatjana Blagosklonova steig fram og flutti sinn angurbliða einsöng um ástina með rödd, sem einna helst líktist klæði úr silki og flauili, þá steig vitund manns titrandi á þetta klæði og flaug á því út í ævintýrið mikla, þar sem hinu mannlega virðast engin takmörk sett.



Réttur 1948. Jóhannes úr Kötlum.

bls. 29

Milli lífsskoðunar kapitalismans og lífsskoðunar sósíalismans er regindjúp staðfest. Það er djúpið, sem liggur milli villimannsins og félagsverunnar. Mjó brú liggur að vísu yfir þetta djúp. En á þeirri brú vill mörgum verða hált og svimgjarnt. Sumir snúa við og reyna að fíkra sig gætilega til sama lands. Aðrir missa fótanna og steypast í djúpið.

Réttur 1949. Brynjólfur Bjarnason.

bls. 21

Nú er kreppa á næsta leiti geigvænlegri en nokkur önnur, sem yfir auðvaldsheiminn hefur dunið.

Réttur 1948. Jóh. úr Kötlum.

bls. 109

Öll þrá, öll ást liðinna kynslóða  
stígur nú upp úr blóði og sorg með  
morgunsárinu og safnar glóðum elds  
að trýni kapítalismans, þessarar  
mannatu nútímans.

Réttur 1949. Jóh. úr Kötlum.

bls. 63

Þannig er þá hið marglofaða "vestræna  
lýðræði" í framkvæmd: til þess að  
hindra það sem allt veltur á, umráða-  
rétt fólksins yfir atvinnutæki sínu,  
er íhlutunarréttur atkvæðaseðilsins  
gerður að blekkingu, skrípaleik, sem  
á sér enga stoð í veruleikanum nema  
sem falsaður áráður.



Réttur 1949. Br. Bjarnason.

bls. 43

Að nokkurri stund liðinni ~~þess~~  
réðist lögreglan á mannfjöldann,  
og flugu nú nokkrir steinar, sem  
sumir lentu á ráðum þinghússins,  
en fúleggjum og aur var kastað  
að hvítliðunum, sem höfðu raðað  
sér framan við húsið, bak við lög-  
regluna.

Réttur 1949. Brynjólfur Bjarnason.

bls. 28.

Þegar Bandaríkin hafa beðið ósigur í  
árásarstríði sínu og alþýða Evrópu hefur  
sigrað að fullu mun hún ekki þola það,  
að henni sé ógnað af amerískri herstöð  
hér á landi. Ameríkumenn munu verða  
hraktir héðan og íslenzka þjóðin mun gera  
upp sakirnar við leppa ~~sin~~ þeirra.

Réttur 1949. Brynjólfur Bjarnason.

bls. 27

Ef til styrjaldar kemur, sem hamingjan forði okkur frá, þá munu þeir uppskera ósigur. Og ef þeir segja Sovétríkjunum stríð á hendur, hverju geta þeir búizt við nema rússnesku hernámi á sigruðu landi? Ef stríðsásingamönnum Bandaríkjanna tekst að kasta heiminum út í styrjöld, þá eiga þeir óá gur vísan. Það verður hverjummanni ljóst, sem fylgist með því, sem nú er að gerast í heiminum. Á móti sér munu þeir hafa ríki sem telja 800 milljónir manna á samfelldu landsvæði, alla leið frá Berlín austur að Kyrrahafi og suður á Austur-Indland, búin hinum öflugustu vopnum nútímans og byggð þjóðum, sem allt eiga að verja og allt munu leggja í sölurnar. Á móti sér hafa þeir alþýðu Vestur-Evrópu og íbúa nýlendanna

Réttur 1949. bls. 198

Kreppan er byrjuð í Bandaríkjunum. Uppdráttarsýki auðvaldsins er farin að hafa sín áhrif í þessu ríkasta landi heims. En efnahagsþróunin heldur áfram í Sovétríkjunum með sívaxandi hraða.



Réttur 1949. Albert Olsen, prófessor  
í sagfræði við Hafnarháskóla.

Prófessor Blackett (enskur nóbelsverð-  
launamður) telur samkvæmt þessu, að  
nægur iðnaður og mannaflí verði eftir  
til þess að ráðstjórnarherir geti farið  
allra sinna ferða um Evrópu og megnið  
af Asíu. Bandaríkin yrðu þá að láta  
sprengjum rigna á borgir og iðjuver  
þeirra landa sem Rússar hefðu hertekið,  
en við þær skúrir myndi vaxa hatur til  
Bandaríkjamanna og margar þjóðir sam-  
einast á móti Bandaríkjamönnum. Flug-  
floti Ráðstjórnarríkjanna myndi ráðast  
á bandarískar borgir með þungum ~~sprennum~~  
sprengjum og sýklahernaði.

Réttur 1949. bls. 200.

Stórfelld, skipulögð, vaxandi viðskipti  
Íslands við sósíalístísku löndin, myndi  
skapa möguleika fyrir sífelldar, óslitnar  
framfarir hér á landi og losa Ísland  
út úr kreppu, sem ella myndi eyðileggja  
það fjárhagslega.

Réttur 1950.

bls. 110.

Vegna velgengni í iðnaðinum og til-  
tölulega auðunninna sigra í kjara-  
baráttunni, tóku hægfara menn meðal  
sósíaldemókrata að neita nauðsyninni  
á ósattanlegri stéttabaráttu og  
sósíalistískri byltingu. ....

Bebel gerði sér grein fyrir öllum  
hinum aðsteðjandi hættum og lýsti  
ásamt öðrum foringnum flokksins  
miskunnarlausu stríði á hendur  
hinum hægfara.

Réttur 1950.

bls. 129

Nokkur mismunur var á því í hinum ýmsu  
þorpum hversu mikilli þvingun var beitt  
við þá foreldra sem síður vildu sjá af  
börnum sínum, og fór þetta eftir skap-  
lyndi stjórnmalafulltrúans á hverjum  
stað. Í þorpum sem studdu skæruliðana  
voru foreldrarnir auðvitað látnir á-  
kveða sjálfir hvort flytja skyldi börnin  
úr landi eða ekki. Hinsvegar barðist  
faðirinn undantekningarlaust í her skæru-  
liðanna, og þá greip móðirin feginn  
hendur þetta tækifæri til að sjá barni  
sínu borgið. Í þorpum sem voru óvin-  
veitt skæruhernum, hvort sem það voru  
í miðju hinu "frelsaða" landsvaði eða  
á mörkum þess lands sem Apenustjórnin  
réði yfir, er lítill vafi á að annari  
aðferð var beitt og raunverulegt út-  
boð framkvæmt.



Réttur 1952. Einar Olgeirsson.

bls. 47

Og verkalyðurinn er herinn, sem heyr þá baráttu, og setur heiminum þau lög, sem skáldin ortu um og dreymdi.

Réttur 1950.

bls. 288

Ríkisstjórn Íslands er þátttakandi í Kóreustyrjöldinni og hefur lýst yfir fullu fylgi við árás Bandaríkjanna á þessa fjarlægðu þjóð og fulltrúar Íslands á þingi sameinuðu þjóðanna eru þægustu atkvæðatól hinna hláturmildu stríðsherra fyrir vestan haf. Svo furðuleg hafa orðið örlög þeirrar þjóðar sem fyrir hálfu sjöunda ári endurreisti lýðveldi sitt eftir sigursæla frelsisbaráttu gegn erlendri kúgun, á svo kynlegan hátt minnst íslenska ríkisstjórnin morðs Jóns Arasonar og sona hans.

Réttur 1937.

bls. 280

Ef konan vinnur einng, eru ~~tekur~~ tekjur fjölskyldunnar helmingi hærri. Með þessum launum er afkoman strax nokkuð önnur. Það er hægt að veita sér ýmsan óparfa og safna fyrir fötum. Slík fjölskylda hefir nóg að eta og drekka og noga peninga til að eyða í frítímum.

Réttur 1934. Kristinn E. Andrésson.

bls. 10

Því að ríkisvaldið er ekkert annað en verkfæri í höndum yfirstéttarinnar til þess að viðhalda kúguninni á verkalyðnum og berja niður ~~því~~ samtök hans.



Réttur 1934. Kristinn E. Andrésson.

bls. 10

Einna greinilegast kemur þetta fram í skólunum. Þar er viðhaldið skrálnuðum og útdauðum yfirstéttarhugmyndum með lögskipuðum fyrirmælum. Þar er lærdómurinn slitinn út úr lífrænu sambandi við veruleikann, þar er frá byrjun komið inn hinni skaðlegu greining milli efnis og

anda, verklegra og menningarlegra starfa. Verkalyðsbörnin eru þar lokuð frá stétt sinni, reynt að innræta þeim dýrkun á verkalyðskúgurum og lítilsvirðing fyrir hlutverki alþýðunnar í þróun sögunnar. Þröngvað er inn í vitund þeirra ýmsum yfirstéttaróskum og gyllt fyrir þeim óhöfslíf hennar, beinlínis og óbeinlínis

Réttur 1934. Kristinn E. Andrésson.

bls. 11

Þegar verkalyðnum er lífsnauðsyn að herða baráttuhug sinn og einbeita kröftunum að dægurmálum sínum, þá er þægilegt yfirstéttinni að eiga nóg ábyrgðarlausra þjóna til þess að prédika kærleika og frið, fegurð glæpanna, dásemd þjónningarinnar og eilíft líf.

Þegar verkalyðnum er brýnasta nauðsyn að skilja gildi heimssamtaka sinna, þá kemur auðvaldiðu vel að eiga noga sjálfböðaliða, hlutlausu út í fingurgóma, til þess að sýna fram á helgi föðurlandsástarinnar, dýrð þjóðernisins, göfgi kynstofnsins eða aðra slíka höfuðóra.

Réttur 1934. Kristinn E. Andrésson.

bls. 1/2. 12-13

Ef íslenskt alþjóða á endanlega að verða frjáls, ef þúsund ára kúgun hennar á endanlega að linna, þá verður hún að ganga sömu leiðina og stéttarsystkini hennar á Rússlandi, steypa með eigin samtökum auðvaldinu af stóli, taka ríkisvald, framleiðslutaki og menningartaki í eigin hendur, til þess að geta hafið sköpun nýrrar menningar. Því að það er hið mikla hlutverk hennar.

Réttur 1934. Björn Franzson.

bls. 49

Aðdáunin, hrifningin, eldmóðurinn, sem uppreisn austurríksku verkamanna hefir vakið í brjósti stéttarbræðra þeirra um víða veröld - það er sá háski, sem auðvaldinu tekst ekki að fara í bönd, þrátt fyrir stundarsigurinn í Austurríki.



Réttur 1934 Björn Franzsen

bls. 49

Verkalýður Parísarborgar býr sér til góttuvígi og berst hinna fræklegustu baráttu gegn fasisma og spillingu auðvaldsskipulagsins dagana 6.-12. febrúar. Dagana 12.-17. febrúar riðar austurríkska auðvaldið fyrir átökum einhverrar hinna ógleymanlegustu uppreisnar verkalýðsins, er sögur fara af. Blika hins nýja tímabils byltinga og styrjalda færast ógnandi yfir kvöldhimin auðvaldsskipulagsins.

Réttur 1934 Björn Franzson.

bls. 49

Hin stórkostlega þýðing hinnar völdugu uppreisnar austurríkska verkalýðsins dagana 12.-17. febrúar er framar öllu öðru fólgin í því, að verkalýðspúsundirnar koma þar fram á sjónarsviðið í sjálfstæðri baráttu, taka að brjótast undan áhrifum hinnar sósíaldemokratisku "endurbótastefnu", rífa til grunna hinna maðksmagna hugmyndaheim stéttafriðar og borgaralegs lýðræðis og fylkja sér - að vísu sjálfkrafa og ómarkvíst að mestu leyti - undir hið blaktandi merki byltingarinnar.

Réttur 1934. Björn Franzson.

bls. 57

Kommúnistar reyndu hvarvetna að stofna til sameiginlegra baráttusamtaka, gripu sjálfir til vopna og leituðust við að gefa uppreisninni þá byltingasinnuðu stefnu, sém ein gat leitt til sigurs.

Réttur 1934. Úr sögu eftir Halldór Stefánsson.

bls. 78

Þar stendur varalögreglan. Það er trygging ríkisvaldsins, tæki yfir stéttarinnar til þess að kúga með alþýðuna.

bls. 80

Stökk samt einn kommúnistinn upp á kassa og tók að halda sömu ræðuna yfir lögreglumönnum og félagi hans hafði gert kvöldið áður. En slíkar ræður eru brot á friði og reglu, svo tveir lögregluþjónar ráku hann niður af kassanum og börðu hann niður í götuna, spörkuðu þar í hann og héldu áfram að berja hann liggjandi.



Réttur 1934.

bls. 115

Meðan sósiálfasistar velja sér leiðina yfir í herbúðir fasismans, velur verkalyður allra landa leið rússneska verkalyðsins, leið stéttarbaráttunnar.

Réttur 1934. 1. maí á Rauða torginu eftir Kristinn E. Andrésson.

bls. 124.

Og skyndilega fer titringur um fjöldann, og húrrahropin kveða við. Stalin hafði gengið upp á leghöll Lénins, klukkuna vantaði 10 mínútur í 10. Tveim mínútum síðar kom foretí líðveldanna, Kalinin, síðan hver af öðrum, þar á meðal Dimitroff. Úr heimi auðvaldsins höfðu okkur þótt Sovétríkin svo fjarlæg, nú vorum við komnir í hjartastað þeirra, svo öruggir og hamingjusamir, með Stalin og Dimitroff við hlið okkar. Það fundum við, en enginn tími var til að gera sér þess grein.



Réttur 1934. Kristinn E. Andrésson:

1. maí á Rauða torginu.

bls. 124 - 125.

Síðan var hermashinn leikinn, og tíglarnir á Rauða torginu tóku að bærast, fylkingarnar byrjuðu að streyma að leghöll Lenins, fram fyrir forustumenn sína og síðan meðfram áhorfendaröðunum og út af Rauða torginu, allar tegundir hersins, hver af annari, landvarnarher, sjóher,

flugher, fótgöngulið, riddaralið, stórskotalið með vélbissur, fallbyssur, bryndrekar, stórkostlegra og ~~stórkostlegri~~ stórkostlegra, þar til yfir tók, þegar flugvélararnar runnu upp í fleygmyndaðri fylking, 9 og 9 í hóp, hundrað eftir hundrað, unz himininn dökknaði af sveim þeirra. Er þytur þeirra blandaðist saman við skrölt bryndrekanna, fannst manni Rauða torgið komið á hreifingu og jörð og loft skjálfa.

Réttur 1934. Kristinn E. Andrésson:  
1. maí á Rauða torginu.

bls. 126

Setjið þið þeim, sem þið sendið á Rauða torgið í Moskva, hinar og aðrar reglur. Takið þið þeim vara fyrir því, að tynast í milljónumum. Skipið þið þeim, að varðveita sjálfstaði sitt. Já, gefið þið þeim öll þessi fyrirmáli. En treystið þið fyrir alla muni ekki, að þau verði haldin. Víst er ytri mynd 1. maí stórkostleg, en sterkara er innra líf hans. Sæðkraft þess er enginn sendinefndarmaður fær um að standast.



Réttur 1934. Björn Franzson.

bls. 151

Í Astúríú, aðaliðnaðarhéraði Spánar, náði byltingin sínum glæsilegasta há-  
tindi - enn ein sönnun fyrir þeim  
höfuðsannindum marxismans, að verka-  
lýðurinn verður og hlýtur að hafa  
forystuna í frelsisbaráttu allra kúg-  
aðra. Í hálfan mánuð var hið mikla  
námahérað algerlega á valdi uppreinsar-  
manna. Í 15 daga blakti fáni byltingar-  
innar yfir þessu nýja ríki verkalýðs-  
ins, hinni ógleymanlegu Sovét-Astúríú.

Réttur 1934. Björn Franzson.

bls. 156 - 7.

Ef við berum byltinguna í Astúríú  
saman við febrúarbyltinguna í Austur-  
ríki, þá getur engum dulizt, hversu  
hin fyrrenfnda stendur á miklu herra  
stigi, bæði að baráttuaðferð og  
pólítísku inntaki. Þrátt fyrir ein-  
staka mistök og pólítískar villur,  
var það hin hreinræktaða öreigabylt-  
ing þó í öllum sínu almætti, sem í  
hálfan mánuð fladdi yfir Astúríú.  
Verkalýðurinn í Astúríú forðaðist  
höfuðvillu austurísku uppreinsar-  
mannanna, sem fólgin var í vanrækslu  
sóknarinnar, einbeitingu baráttunnar  
á vörnina eina saman. Byltingamenn-  
irnir í Astúríú réðust þegar á hjarta-  
stöðvar ríkisvaldsins, hermanskálana,  
vopnabúrin, bankana o.s.frv. Þeir  
handtöku auðmennina, lýstu yfir eigna-  
rétti verkalýðs og bænda á jörð og  
framleiðslutækjum.



Réttur 1934. Björn Franzson.

bls. 157

Kúba - Austurríki - Astúría - þessi stífgandi í byltingarhreyfingu verkalyðsins (að kínversku byltingunni ógleymdri!) sýnir áþreifanlegar en allt annað sannindi þeirrar staðhæfingar Alþjóðasambands kommúnista, að nýtt tímabil stórkostlegra verkalyðsbyltinga sé nú að færa yfir heiminn.

Réttur 1935. Einar Olgeirsson.

bls. 10

Atvimmuleysisbardagarnir í Reykjavík 7. júlí og 9. nóv. 1932 og 1933, sjómanna kaupdeilan í Vestmannaeyjum, Novuslagurinn á Akureyri í mars 1933, Díömuslagurinn 22. sept. 1933, Borðeyrabardaginn á Siglufirði og Akureyri 1934, - allt eru þetta harðvítugustu átök hinna andvígu stétta, skætur á undan höfuðorustunni, aflraunir þeirra andstæðu aflan, sem úrslitahriðina heyja.



Réttur 1935. Einar Olgeirsson.

bls. 12.

- og öll þessi barátta er háð með samstilltri samfylkingu undir forustu þess eins flokks, sem leitt hefir í hagsmunabaráttunni undanfarið, og vísar nú leiðina um hvert fara skuli, Kommúnistaflokksins, - þá er stund byltingarinnar slegin, runnið upp valdatímabil verkalyðsins, þegar hann í bandalagi við allar fátækar og kúgaðar undir- og millistéttir byltir auðmannastéttinni, afnemur eignarétt hennar á framleiðslutakjunum, fær þau verkalyðnum í hendur og gerir hann þar með frjálsan, en afnemur um leið hringavaldið og bankaauðvaldið, sem nú þjakar smábændur, smáútvegsmenn og millistéttir þajanna.

Réttur 1935. Kristinn E. Andrésson:

Ritdómur um "Og björgin klofnuðu" eftir Jóh. úr Kötlum.

bls. 30.

Það er af engum skilningi sprottið, heldur þú pólitískri illkvittni, er menn vilja kenna kommúnistiskum sköðunum höfundarins um smekkleysur og galla sögunnar. Slikt er tímamóta-einkenni og bera einmitt vitni þess, að skáldið hefir ekki unnið sig/til fram kommúnistisks öryggis. Fullgildur kommúnisti latur ekki orð sín litast svo af tilfinningum. Hjá honum er hiti tilfinninganna runninn saman við köld rök skynseminnar. Og sízt bregst honum sjón á samhengi og heildarmyndum lífs og veruleika. Sökum sinna raunhæfu sjónarmiða eru það kommúnistarnir einir, sem lýst geta veruleikanum á sanna og hlutlausan hátt. Aðrir verða að dylja eða ganga duldir sannleikans um hlutina. Það er því kommúnistanna að



skapa listaverkin, sem fela sann-  
leikann í sér..... Misbrestir  
á sögu Jóhannesar stafa síður en  
svo af kommúnistiskum skoðunum, heldur  
af annmörkum hins gamla tíma, sem svo  
djúpt voru greyptir í vitund skáldsins,  
að þeir vörnuðu því þess að hafa til-  
einkað sér sjónarmið kommúnismans í  
nógu ríkum mæli.

Réttur 1935. Brynjólfur Bjarnason:  
Samfylking -- ráðið, sem dugar.  
Strax að afloknum kosningunum, sendi  
Kommúnistaflokkurinn Alþýðuflokknum  
samfylkingartilboð, þar á meðal var  
þetta eitt af því sem átti að koma  
sér saman um.

bls. 37.

Ríkislögreglan verði tafarlaust af-  
numin.



Réttur 1935. Brynjólfur Bjarnason.

bls. 45.

Allsherjarverkfalls-vopnið er vitaskuld ekki vopn, sem verkalýðurinn beitir í sinni dagelgu baráttu. Það er vopn, sem hann notar á úrslitasundum, og ásamt hinni vopnuðu uppreisn er það hæsta stig stéttabaráttunnar. En meginregla hinnar byltingarsinnuðu bardaga- aðferðar er engu að síður alltaf hin sama. Það er verkalýðurinn, sem setur kostina, snýr vörninni upp í sókn, og beitir vopnum samtakanna í hvert skifti í samræmi við það, sem um er barist, og þau skilyrði, sem fyrir hendi eru.

Réttur 1935. Brynjólfur Bjarnason:

Samfylking -- ráðið, sem dugar. Úr ályktun á ráðstefnu Kommúnistaflokksins í marz.

bls. 48.

En sú barátta verður að vera í því fölg- in að sannfæra Alþýðuflokksverkalýðinn um nauðsyn stéttarbaráttunnar gegn hungurárásunum og auðmannastéttinni, ekki aðeins í orði heldur líka fyrst og fremst í verki, og sanna fyrir þeim, að kenning KFÍ um stéttabaráttuna með v alda- töku verkalýðsins að takmarki hafi nú sýnt sig rétta, en kenning sósíaldemó- kratísku foringjanna um stéttasamvinnu og endurbætur auðvaldsskipulagsins hafi nú leitt til hrunsins og eymdarinnar, er við sjáum.



Réttur 1935. Björn Franzson.

bls. 110.

Við undirritun sáttmálans milli Frakklands og Sovétríkjanna í París 2. maí batnaði stórum taflstaða friðarins gagnvart stríðsstefnu þýzka fasismans.

Aðalinntak fransk-rússneska sáttmálans er það, að ef annað ríkið verður fyrir hernaðarárás af hálfu ~~þýzka~~ Evrópuríkis, án þess að hafa gefið til þess tilefni, þá ber hinu tafarlaust að grípa til vopna og veita því lið.

Sáttmáli þessi á ekkert skylt við hin venjulegu hernaðarbandalög stórveldanna. Hann er auðvitað alls ekki gerður í ársartilgangi. Honum er yfirleitt ekki beint gegn neinu sérstöku ríki.

Réttur 1935. Einar Olgeirsson: Verkalýðsbylting á Íslandi.

bls. 125.

Með árás á sósíalistískt Ísland myndi England þverbrjóta allar alþjóðareglur, stofna heimsfriðnum jafnvel í hættu og brennimerkja sjálft sig sem standandi á álíka stigi í alþjóðamálum og t.d. Japan, sem ~~þýzka~~ Þjóðabandalagið hefir orðið að fordæma.

Sovétlýðveldin eru nú orðin eitthvert hið sterkasta vald alþjóðlega séð. Við þau myndi verkamanna- og bændaríkið Ísland strax komast í náið samband, og England væri nauðbeygt að taka tillit til þeirra.



Réttur 1935. Einar Olgeirsson: Verka-  
lýðsbylting á Íslandi.

bls. 128.

Aðferðin til þess er að mynda nú þegar  
volduga, einhuga samfylkingu verkalýðs  
og millistétta til baráttu fyrir lífs-  
hagsmunum þeirra og til verndar lýðræðis-  
legum og þjóðernislegum réttindum þeirra  
gegn fasisma og auðvaldi, innanlands og  
utan. Lokatakamark þeirrar fjöldahreyfing-  
ar, sem slíkt samfylking byggðist á og  
sjálf efldi, yrði valdataka alþýðunnar,  
myndun Sovétstjórnar á Íslandi. Sú stjórn  
yrði líka fyrsta stjórn landsins, sem  
kæmi fram út á við fyrir raunverulega  
sjálfstætt land, sakir byltingarinnar inn  
á við, sem gert hefði alþýðuna frjálsa,  
og sakir bandalags síns við Sovétríkin og  
verkalýðshreyfingu annarra landa, sem ~~gerði~~  
gerði Sovétstjórn á Íslandi að valdi, er  
taka yrði tillit til, eins og hún ætti  
kröfur til.

Réttur 1935. Einar Olgeirsson.

bls. 171.

Og þess vegna lítur íslensk alþýða  
nú meir og meir á það land, þar sem  
frelsisbarátta undirokaðra stétta og  
þjóða þegar héfir sigrað, á Sovétríkin  
sem vantanlegan voldugasta bandamann  
sinn, sem höfuðvígi verkalýðshreyfingar  
heimans, sem bezta vin og verndara smá-  
þjóðanna, sem stórveldin atla að gleypa.

Réttur 1935.

bls. 186.

Hinn völdugi vilji hinnar alþjóðlegu  
verkalýðsstéttar til baráttueiningar  
færist í aukana. Byltingarhreyfing-  
in í nýlendunum og Sovétbyltingin í  
Kína breiðast meir og meir þannig, að  
byltingaröflin magnast.

Réttur 1935.

bls. 190.

Með tilliti til hinnar gífurlegu hættu,  
sem fasisminn er fyrir verkalýðsstéttina  
og þess, sem hún hefur áunnið, fyrir  
allt vinnandi fólk og frumstaðustu rétt-  
indi þess, fyrir friðinn og frelsi þjóð-  
anna, lýsir VII. þing Alþjóðasambands  
Kommúnista yfir því, að myndun baráttu-  
samfylkingar verkalýðsins er næsta og  
þýðingarmesta verkefni hinnar alþjóð-  
legu verkalýðshreyfingar á núliðandi  
þróunarstigi sögunnar.



Réttur 1935. Ályktun VII. Alþjóðasamb.  
Kommúnista.

bls. 190

Til þess að koma af stað viðtakri fjölda-  
hreyfingu, þarf að velja þau kjörorð,  
beita þeim baráttuaðferðum, sem samsvara  
lífsþörfum fjöldans og baráttugetu hans  
á hverju stigi þróunarinnar.

Réttur 1935. Ályktun VII. Alþjóðasamb.  
Kommúnista.

bls. 191

Um leið og verkalyðsstéttin er búin  
undir hin hröðu skifti baráttu-mynda  
og aðferða með breyttum aðstæðum, er  
nauðsynlegt að skipuleggja, eftir því,  
sem hreyfingin vex, umskiftin frá vörn  
til sóknar á hendur auðvaldinu og stefna  
að því að skipuleggja pólítísk fjöldaverkef  
föll, en óhjákvæmilega verður að tryggja  
þátttöku þýðingarmestu fagfélaga lands-  
ins í þeim.

Réttur 1935. Ályktun VII. Alþjóðasamb.  
Kommúnista.

bls. 191

Án þess að leggja nokkurt andartak niður  
hina sjálfsögðu kommúnistisku fræðslu-  
starfsemi, skipulagningu og hervæðingu  
fjöldans, verða kommúnistar að keppa eftir  
sameiginlegum átökum með sósíaldemókrötum  
flokkunum, endurbótasinnuðu fagfélögunum  
og öðrum félagsskap vinnandi stétta gegn  
stéttaróvinum verkalýðsins, í því skyni  
að greiða verkalýðnum götu til samfylking-  
arinnar.

Réttur 1935. Ályktun VII. Alþjóðasamb.  
Kommúnista.

bls. 196

Í hinni pólítízku kreppu, þegar yfirstétt-  
irnar megna ekki lengur að sigrast á  
hinni hraðvaxandi fjöldahreyfingu, verða  
kommúnistar að setja fram grundvallandi  
byltingarkjörorð (t.d. eftirlit með fram-  
leiðslunni, bönkunum, upplausn lögregl-  
unnar og stofnun vopnaðs verkamannavarð-  
liðs í stað hennar o.s.frv.), kjörorð,  
sem miði að því að veikja enn meir vald  
burgeisastéttarinnar á sviði atvinnulífs  
og stjórnmála, auka mátt verkalýðsstétt-  
arinnar, einangra málamiðlunarflokkana og  
leiða verkalýðinn beint til byltingar-  
sinnaðrar valdatöku.



Réttur 1935. Ályktun Alþjóðasamb.

Kommúnista.

bls. 202.

Þingið leggur sérstaklega mikla áherslu á, að hið eina, sem tryggt getur almenna hervæðingu hins vinnandi fjölda til sameinaðrar baráttu, gegn fasisma og kapítalisma, er framhaldandi alhliða styrking kommúnistaflokkanna sjálfra, aukin beiting framtaks þeirra, pólitík þeirra grundvölluð á kenningum Marx og Lenins og rétt sveigjanleg baráttuaðferð þeirra, sem lögð sé eftir aðstæðunum og skiftingu stéttaraflanna í hvert sinn.

Réttur 1935. Ályktun Alþjóðasamb.

Kommúnista.

bls. 204.

Ennfremur krefst hún af Kommúnistaflokkinum harðvítugrar baráttu gegn hverskonar viðleitni til að draga fjöður yfir grundvallarmismun kommúnisma og endurbótastefnu, gegn minkandi gagnrýni á sosialdemókratismanum, sem kenningu um og framkvæmd á samvinnu gegn þeim tálhugmyndum, að hægt sé að framkvæma sosialismann á friðsamlegan og löglegan hátt, gegn því að reiða sig á vélgengi og á sjálfkrafa breytingar, hvort heldur er um að ræða kollvörpun fasismans eða myndun samfylkingarinnar, gegn rýringu á hlutverki flokksins og gegn hinu smávægilegasta hiki á úrslitastund.

Réttur 1935.

bls. 206.

"Sigur byltingarinnar kemur aldrei af sjálfu sér. Hann krefst undirbúnings og baráttu. En undirbúið sigurinn og náð honum, getur aðeins sterkur byltingarsinnaður verkalýðsflokkur". (Stalin).

Réttur 1935. Skúli Guðjónsson: Ís-  
lenzkur bóndi.

bls. 207

Í bernsku voru honum kenndar bænir, sem lögðust yfir sál hans, eins og svartir skuggar. Á sunnudögum var hann pyntaður með húslestrum og þegar hann var orðinn læs, var hann kvalinn með Helgakveri.



Réttur 1935. Kristinn E. Andrésson:

1. maí á Rauða torginu.

bls. 124.

Með ósegjanlegri eftirvæntingu biðu menn þess, að klukkan yrði 10, allra augu horfðu í áttina til Kreml, þaðan er Vorosjiloff, foringja Rauða hersins, var von. Og Kremlklukkan hóf slagið, síðan högg fyrir högg, eins rólega og ekkert væri um að vera, máskæ til að storka ópolinmæði okkar, og loks, er 10. höggið dó út, kom Vorosjiloff þeyssandi á dökkrauðum hesti. Þar með hófust hátíðahöldin 1. maí. Vorosjiloff þeysti meðfram öllum herdeildunum og ávarpaði hverja fylking fyrir sig, og er því var lokið, lét hann gæðinginn sinn af hendi og steig upp á grafhýsi Lenins.

Réttur 1936. Halldór Kiljan Laxness.

bls. 144.

Þess er ekki að dyljast, að með breyttum aðstæðum í stjórnmálum heimsins, hér ekki síður en annarsstaðar, hefir Kommúnistaflokkurinn hvarvetna tekið upp breyttar aðferðir, að minnsta kosti í orði kveðhu.

Réttur 1936. Halldór Kiljan Laxne ss.  
bls. 145.

Síðan fasisminn varð yfirvofandi í hverju landi, hefir áróður kommúnista um gagngera byltingu á skipulagi auðvaldsins ekki verið tímabær, enda þótt slík bylting hafi kannske aldrei staðið öllu nær en einmitt undir fasismanum. Hið fyrsta einkunnarorð á stefnuskrá Kommúnistaflökksins er nú lýðræði.

Réttur 1936. Kristinn E. Andrésson.  
bls. 155.

Greinin (þ.e. Ossietzky og friðarverðlaunin) er sérstaklega lærdómsrík þeim lýðræðissinum, sem fjargviðrast út af dauðadómunum í Sovétríkjunum yfir mönnum, sem setið hafa á svikráðum við lýðveldið þar.



Réttur 1936. Björn Franzson.

bls. 184.

Sjlfur er Trotzky utan gripviddar rétt-  
vísinnar og getur því frakkur neitað  
öllum áburði.

Réttur 1936. Kristinn E. Andrésson.

bls. 189

Og hvernig gat hann (þ.e. André Gide)  
dvalið svo meðal rússnesks fólks, horft  
í svip þess, heyrt á tal þess (þó ekki  
skyldi hann nokkurt orð), að það gæfi  
honum ekki innsýn í þann nýja heim ein-  
staklingsþroskans, er hann sjálfur hafði  
alltaf þráð?



Réttur 1937. Einar Olgeirsson.

bls. 4-5

En jafnframt verður vögðarlaust að af-  
vopna burgeisastéttina, gera upptak öll  
vopn fasista nna og banna sveitir þeirra,  
- og hreinsa til í lögreglunni, þannig að  
hún sé lýðræðinu trygg. Með því að ~~hafa~~  
hreinsa þannig til í tíma, getur íslenska  
lýðræðið hindrað borgarastyrjöld auðvalds-  
ins, áður en það nær að hefja hana og  
leiða allar skelfingar hennar yfir land  
vort og þjóð.

Og samtímis þessu verður að tryggja sam-  
hönd landsins við önnur lýðræðislöng svo  
vel, að erlendir fasistar megni heldur  
ekki að granda frelsi voru.

Réttur 1937. Einar Olgeirsson.

bls. 21

Þegar sjálfstæði Íslands og "eilífu  
hlutleysi" var lýst yfir 1918, þá var  
lítt hugsað um valdið, sem tryggði það,  
að þetta sjálfstæði yrði meir en á papp-  
firmum. Menn lifðu í vímu "wilsonskra"  
hugmynda um "rétt" og "eilífan frið".  
Ekkert stórveldi hefir enn tekið að sér  
að tryggja frelsi Íslands. Brezki flot-  
inn hefir veriðvaldið, sem "varðveitti"  
sjálfstæði Íslands, - og það er sem  
úlfur gæti sauða.

Nú ríkja tímar, sem fasisminn hefir  
sett mark sitt á, tímar ofbeldis í  
alþjóðaviðskiftum, - samningarofa og  
ótakmarkaðrar valdbeitingar. Framferði  
Ítalíu við Abessiníu og Ítalíu og Þýzka-  
lands við Spán, bendir á við hverju við  
Allir menntamenn og fjölmargir fleiri kannast við þessa setningu, sem þykir alveg gullveg lífsspeki í þjóðfélagi auðvaldsins á Íslandi: "Fátækir strákar mega ekki hugsa um stelpur, meðan þeir eru að læra." Þetta þýðir: Þeir, sem ekki eru nægilega loðnir um lófana, eiga engan rétt á því að svala kynhvötum sínum eða njóta ánægjunnar afheilbrigðu samlífi við hið fagra kyn. Þeir eiga að bæla slíkar tilfinningar niður. Þar eru einkaréttindi þeirra, sem hirða arðinn af störfum hinna, sem vermætin skapa og ávaxta gæði jarðarinnar.

Réttur 1944. Einar Bragi lýsir því ef íslenskur stúdent álpast til þess að fara að læra erlendis.

bls. 108

Við lítum inn til hans um vetur, er dimmsvöl nóttin hvelfist yfir hallir stórborgarinnar og hreysi. Á köldu kvistherbergi á hanabjálka liggur hinn íslenski námsmaður og spýtir blóði. Honum elnar sóttin, er á nóttina líður. Mátturinn þverr, ráð og ræna hverfa. Þegar dagskoman þokast upp á frosttæran vetrarhimininn, liggur hann með brostin augu undir rifinni, íslenskri dúnsang.



Réttur 1940. Erlend viðsjá.

bls. 107.

Sovétríkin eru langöflugasta herveldi heimsins. Þau munu ekki ótilneydd beita hernaðarstyrk sínum í styrjöld. En sanní menn til: Hvor aðilinn sem ósigur bíður í þeirri styrjöld, sem nú er háð, þá munu Sovétríkin í krafti síns mikla valds ráða meiru um friðarskilmála en sjálfur sigurvegarinn.

Réttur 1940. Erlend viðsjá.

bls. 101

Þrátt fyrir allt þetta hefði hrun Frakklands aldrei orðið með jafnskjótum hætti og varð, hefðu Þjóðverjar ekki beitt algerlega nýrri og tímabærri hernaðartækni, hefðu þeir ekki beitt rússneskri hernaðartækni. Því að hernaðaraðferðir þær, sem Þjóðverjar beittu í Póllandi og Frakklandi, eru í rauninni í aðalatriðum uppfundnar af bolsévíkum.



Réttur 1940. Erlend viðsjá

bls. 47

Nú er það auðvitað mál, að herforingjaraðið þýzka hafði fregnir af vígbúnaði Stalins bónda og þóttist sjá það í hendi sér, að ekki mundi vænlegt að troða illsakir við hann. Hinsvegar sáu herforingjarnir, er þeir litu í vesturátt, fyrirhyggjulitlar sálir, sem trúðu því statt og stöðugt, að öllu væri óhætt.

Réttur 1940. Erlend viðsjá.

bls. 47

Þeir (þ.e. Rússar) gættu þess að vera í vígbúnaði sínum alltaf drjúgu skrefi á undan Hitler, sáu svo um, að tryggt væri, að hann gæti aldrei haldið til jafns við þá. Í þeirri öryggiskennd, sem af slíkum ~~þýzka~~ yfirburðum leiðir, mælti Stalín í sinni háleitu ró þessi spámannlegu orð: "Þess má þó geta, að þetta háa áhættuspil stuðningsmanna hlutleysisstefhunnar gæti endað með alvarlegum óförum þeirra sjálfra". (Ræða Stalins 10. marz 1939).



Réttur 1944. Einar Bragi.

bls. 100.

, að þjóðskipulag auðvaldsins á Íslandi standi svo höllum fæti, að það þori ekki að veita alþýðunni aukna menntun, geti ekki lifað nema þegnunum sé haldið úti í svarttrætti neyðar og fáfræði?

Munum taka fram fyrir hendur Alþingis.

þjv. 10/3 1949

Úr. leiðara:

"Vakandi þjóð mun taka framfyrir hendurnar á Alþingi og ríkisstjórn, ef þeir ætla sér að leggja á þjóðina hernaðarok að henni forspurðri".

Þetta er svo sagt 1948

Þjv. 27. júní 1948 Úr leiðara "Hernaðarlega mikilvegasta stöð Bandaríkjanna."

"Sósíalistar hafa ekki dregið dul á, að fyrir íslenzku þjóðina er það barátta um líf eða dauða að hindra herstöð Bandaríkjanna hér. Hitt er nú orðið auðséð, að ofstækisfyllstu agentar ameríksks auðvalds vinna nú að því að fórna lífi og tilveru íslenzku þjóðarinnar fyrir yfirdrottunarstefnu hins egilega vestrena hervalds."

Kennsla í bardagaaðferðum gegn lögreglunni.

Þjv. 29/3 1949 Rammagrein.

"Vörn gegn árás.

Þar sem fyrirsjáanlegt er, að lögreglan og hvítliðasveitir fasista ætla að beita gasárásum á friðsamleg mótmeili reykvískrar alþýðu, skal hér vakin athygli á því, að gasárás er auðvelt að verjast með því að bregða rökum vasaklút fyrir vit sér - sérstaklega augun - þá stund, sem gasið helzt í loftinu."



Hindra skal störf Alþingis.

Þjv. 27/3 1949. Frásögn af fundi kommúnista:

"Fundurinn sýndi, að þegar bandaríkjalepparnir leggja hinn nýja landráðasamning fyrir Alþingi, munu Reykvíkingar tugþúsundum saman koma og mótmæla til að hindra, að hann verði gerður ..."

Með rauða hernum - móti ~~xxxxxxx~~ eigin þjóð

þjv. 23/3 1949

Jóhannes úr Kötlum um landráðaræðu franska kommúnistaleiðtogans ~~Thorez~~ Thorez:

"... franskir alþýðuforinginn Thorez lýsir því yfir, að hann mundi fagna rauða hernum, ef hann neyddist til að reka franskan fasistaher heim til sín aftur."

Skoðanabvingunin siðferðileg!

Þjv. 7L 10 1950 Jóhannes úr Kötlum:

" Sú skoðanabvingun, sem á sér stað í hinum sósíalska heimi, er með öðrum orðum það siðferðilega átak, sem afnám rangsnúinna og úreltra samfélagshátta krefst".

Fúleggjunum hent í virðingarskini!

Þjv. 27/5 1950

" Sakadómarrinn í Reykjavík taldi virðingu Alþingis stafa hætta af fúleggjum. En má ég biðja um meiri fúlegg - þau eru nefnilega sönnun þess, að þjóðinni er annt um þing sitt"

"Argus"



Vörðum fyrir borð öllum þjóðrembings- og friðarsinum!

Leninisminn, útg. Akureyri 1930, bls. 14

"Það var því nauðsynlegt að endurskoða og gagnrýna alla starfsemi II. Alþjóðasambandsins og vinnuaðferðir og reka á dyr allan smáborgarskapinn og skammsýnina, varpa fyrir borð öllum stjórnmalaskúmunum og liðhlaupum, þjóðrembings- og "friðar"-sósíalistum. Nú varð að kanna allt vopnabúr II. Alþjóðasambandsins, kasta burt öllum þeim vopnum, sem deig voru orðin og ryðfallin og smíða ný í þeirra stað. Án þessarar undirbúningsstarfsemi var ógerningur að hefja herför á hendur auðvaldinu. Ef þessi undirbúningsstarfsemi hefði ekki verið, þá átti verkalyðurinn það á hættu að vera ekki nægilega vopnum búinn eða jafnvel vopnlaus í baráttu þeirri, sem fyrir höndum var."

Kreddur að kvarta yfir truflun atvinnulífsins!

Leninisminn, útg. Akureyri 1930, síða 17

"Hvort hefur ekki byltingin í Rússlandi staðfest það, að pólitíska allsherjarverkfallið er hinn beztu skóli verkalyósbyltingarinnar og bráðnauðsynlegt meðal til að vígbúa og félagsbinda sem mestan hluta verkalyósins, áður en sóknin mikla er hafin á vígi auðvaldsins? Og hvað stoða þá allir þessir smáborgaralegu kveinstafir yfir truflun eðlilegs atvinnulífs og eyðslu á sjóðum verkalyósins? Er ekki auðsatt, að byltingarstarfsemin gerir að engu þessa kreddu takiferissinnanna?"

Getur ekki verið fullkomið lýðræði.

Leninisminn, útg. Akureyri 1930, síða 44

"Alræði öreiganna getur alls ekki verið "fullkomið" lýðræði, það getur ekki verið lýðræði fyrir alla, jafnt ríka sem fátaka. Alræði öreiganna hlýtur að vera ríki, sem er lýðræðissinnað að nýjum hætti (lýðræði verkamanna og alls vinnandi lýðs yfirleitt), en alræðissinnað að nýjum hætti (alræði yfir borgarastéttinni."



Kommúnistar bínir hinum öflugustu vopnum.

Þjv. 30. marz 1949 Ræða Brynjólfs Bjarnasonar við vantraustsumræðu á Alþingi. Þar hótar hann " 800 milljónum manna á samfelldu landssvæði, alla leið frá Berlín austur að Kyrrahafi og suður á Austur-Indland, bünnum hinum öflugustu vopnum nútímans."

Réttur 1939 - Úr Viðsjá eftir Sverrir Kristjánsson.

bls. 79

Nú verður heimurinn að skapa sér nýtt öryggisskipulag úr sprekum hins gamla sameiginlega öryggis. Mönnum er farið að skiljast, að sameiginlegt öryggi er eina vopnið, sem bitur á möndul hins fasistíska ofbeldis.



Réttur 1939 - J. Stalín á 18. flokks-  
þinginu.

bls. 27

Í hlutleysisstefnunni kemur fram við-  
leitni og ósk um að verða árásarrikkjun-  
um ekki til tafar í myrkraverkum þeirra,  
til dæmis að meina ekki Japan að fara  
í stríð við Kína, og enn síður - stríð  
við Sovétríkin, láta styrjaldaraðila  
sökkva dýpra og dýpra í styrjaldar-  
fenið, egna þá frá tjaldabaki til að  
veikja og skaða hvor annan og koma  
fram á sviðið óþreyttir, þegar þau  
eru orðin örmagna, og skakka leikinn,  
auðvitað "í nafni friðarins", en  
ráða friðarkostum sjálfur.  
Kostnaðarlítið og sniðugt.

"Fyrir bylttingaralræði öreiganna."

Ríki og bylting, útg. 1938

"... heldur líka fyrir því, að steyva borgara-  
stéttinná og eyðileggja (br. letur) borgara-  
lega þingræðið, fyrir lýðfrjálsu þjóðveldi  
í sama stíl og kommúnan var, ead lýðveldi  
verkamanna- og hermannaáðanna, fyrir  
byltingaralræði öreiganna."

Þingræðið enginn grundvöllur.

Einar Olgeirsson í 13. árg. Réttar.

"Þingræðið með öllu ~~þess~~ masi þess og þvaðri,  
hrafnafundum og hrossaprangi, er stofnun,  
sem fáir munu telja vanlegan grundvöll til  
sigurs völdugum hugsjónum ....

Út um lönd er þingræðið nú hin síðasta  
blekking auðvaldsins".







Réttur 1941. Innland viðsjá eftir Br.  
Bjarnason. Ávarp miðstj. Sósíalístafll.  
bls. 135

Íslendingar:

Gerið skyldu yðar í því stríði, sem nú  
er háð til að ráða niðurlögum fasismans.  
Enginn má liggja á liði sínu. Allir  
verða að vinna sleitulaust að því, að  
þetta stríð verði ragnarök fasisma og  
þjóðkúgunar, undirokunar og afturhalds,  
hvar sem þau finnast í heiminum.

Réttur 1941. Innland viðsjá eftir Br.  
Bjarnason. Ávarp miðstj. Sósíalístafll.  
bls. 134

Íslenzku þjóðinni er frelsis síns vegna  
nauðsynlegt að treysta vináttuböndin  
við alþýðu Bretlands og bandamanna þess  
og Ameríku, einnig þann hluta hennar,  
sem nú klæðist herkuflí og berst með  
vopn í hönd gegn sameiginlegum óvini,  
jafnfram því, sem staðir er fast á  
móti hverskonar ágengi erlends hers  
á hagsmunum, rétt og heiður Íslendinga.  
Frelsisbarátta íslenzku þjóðarinnar  
verður ekki aðskilin frá frelsisbar-  
áttu þjóðanna í Bretaveldi og Ameríku.

Sveinn Björnsson forseti auðmannanna.

Pjv. 16/11 1949

Úr leiðara um forseta Íslands, Herra Svein Björnsson.

"En slíka stjórn vildi forsetinn auðsjáanlega ekki. Afturhaldssjónarmið hans þekkir þjóðin einnig úr ræðum hans, sem bera þess órækan vott, að hann telur sig stéttarforseta forseta auðmannanna í Reykjavík."

Þá voru þeir góðir fræðimenn.

Pjv. 6/1 1949

Talað er um útreikninga "hinna viðurkenndustu hagfræðinga þjóðarinnar, þeirra Jónasar Haralz og Ólafs prófessors Björnssonar."



Auðvaldið sigrað í nýju stríði.

Pjv. 17/12 1950

"Ný stjórn stöðvar ekki sigurgöngu sósíal-ismans, sigurgöngu alþýðunnar. Það ætti auðvald Bandaríkjanna að hafa lært af reynslu tveggja heimsstyrjalda síðan 1914. Ný stjórn yrði tvímælalaust banabiti auðvaldsins skipulagsins í heiminum".

Sósíalisminn sigrar í næsta stríði.

Pjv. 17/12 1950. <sup>"friðar-</sup>Úr/ræðu Þórbergs Þórðarsonar um næstu stjórn:

"Eg er í engum vafa um, eftir að hafa íhugað alla málavexti, að hún verður banabiti auðvaldsins og sigur sósíalismans um allan heim."

Bandaríkjamenn hjálpsamt fólk og hleypidómalaus

Pjv. 26/8 1950 Birtur kafli úr bók Kiljans, Reisubókarkorn.

"Eg hef átt leingur heima í Bandaríkjunum en nokkru öðru landi utan heimalands míns, hátt á þriðja ár og hef þekkt persónulega fleiri einstaklinga af bandaríkjaþjóðerni en nokkru öðru þjóðerni. Það er erfitt að hugsa sér friðsamara, ljúfara og hjálpsamara fólk, eða fólk sem sé jafn vingjarnlegt og hleypidómalaust í hugsunarhætti gagnvart hverjum sem er".

Auðvaldið sigrað í nýju stríði.

Þjv. 17/12 1950

"Ný stjórn stöðvar ekki sigurgöngu sósíal-  
ismans, sigurgöngu alþjóðunnar. Það ætti auð-  
vald Bandaríkjanna að hafa lært af reynslu  
tveggja heimsstyrjalda síðan 1914. Ný  
stjórn yrði tvímælalaust banabiti auðvalds-  
skipulagsins í heiminum".

Sósíalisminn sigrar í næsta stríði.

Þjv. 17/12 1950. <sup>"friðar-</sup>Úr/ræðu Þórbergs Þórðarsonar  
um næstu stjórn:

"Eg er í engum vafa um, eftir að hafa íhugað  
alla málavexti, að hún verður banabiti auð-  
valdsins og sigur sósíalismans um allan heim."

Bandaríkjamenn hjálpsamt fólk og hleypidómalaus

Þjv. 26/8 1950 Birtur kafli úr bók Kiljans,  
Reisubókarkorn.

"Eg hef átt leingur heima í Bandaríkjunum  
en nokkru öðru landi utan heimalands míns,  
hátt á þriðja ár og hef þekkt persónulega  
fleiri einstaklinga af bandaríkjaþjóðerni en  
nokkru öðru þjóðerni. Það er erfitt að hugsa  
sér friðsamara, ljúfara og hjálpsamara fólk,  
eða fólk sem sé jafn vingjarnlegt og hleypi-  
dómalaust í hugsunarhætti gagnvart hverjum sem  
er".



Kannast ekki einhver við það!

Lenínisminn, útg. Akureyri 1930. Síða 81  
"Á einum og sama áfanga byltingarinnar  
getur bradagaaðferðin skift um ham mörgum  
sinnum, eftir því, hvort byltingin er í vexti  
aða minnkun, hvort alda byltingarinnar er að  
rísa eða fjara út."

Umbætur styrkja borgarastéttina, þess vegna  
eru kommúnistar á móti þeim, nema til atkvæða-  
vieða.

Lenínisminn, útg. Akureyri 1930 Bls. 91-92  
"Endurbótasinnunum er endurbótin allt, en  
byltingarstarfið hégómamál, aðeins orð, sem  
hann notar til þess að slá ryki í augun á  
lýðnum. Þessvegna breytast endurbætturnar  
með endurbótasinnaðri bardagaaðferð undir  
hinni borgaralegu drottnun og verða óhjákvæmi-  
lega taki til að styrkja vald borgarastéttar-  
innar og tvístra byltingunni.

Byltingasinnunum er aftur á móti byltinga-  
starfið höfuðatriðið, en ekki endurbætturnar.

Byltingasinnarnir viðurkenna umbætturnar,  
af því að þeir sjá í þeim tengsl milli löglegs  
og ólöglegs starfs, og geta í skjóli þeirra  
notað þær til að efla ólöglega starfsemi  
og búa lýðinn undir að steypa borgarastéttinni



Öpólítísk félög eiga að hlíta pólítískri  
leiðsögn okkar!

Lenínisminn, útg. Akureyri 1930 Síða 103  
"Þetta er auðvitað ekki svo að skilja, að  
hin óflokksbundnu samtök - veralýðsfélög,  
samvinnufélög o.s.frv.- eigi formlega að  
vera undir stjórn flokksins. Hér er aðeins  
að ræða um það, að flokksmenn, sem eru í  
þessum samtökum, eflaust sem áhrifaríkir  
meðlimir, beiti öllum meðölum sannfæringarinn-  
ar, til þess að þessi óflokksbundnu samtök  
náglist sem mest verkalyðsflokkinn í allri  
starfsemi sinni og hlíti pólítískri leiðsögn  
hans af fúsum vilja".

Baráttan á að vera "blóðug og óblóðug, frið-  
söm og ófriðsöm".

Lenínsiminn, útg. Ak. 1930 Síða 105  
Alræði öreiganna er harðsnúin barátta,  
blóðug og óblóðug, friðsöm og ófriðsöm. Það  
er barátta á sviði hermála og atvinnumála,  
uppeldis- og stjórnarbarátta við öfl og erfðis  
hins gamla þjóðfélags".

Losna þarf við settjarðarvini, "þjóðrembing-  
sinna og friðarvini.

Lenínisminn, útg. Ak 1930 Síða 108  
"Leiðin til þess að efla og styrkja verka-  
lýðsflokkana er að losa þá við takiferis-  
sinnana, endurbótasinnana, imperialastana,  
þjóðrembingssinnana, settjarðarvinina og  
"friðar"-sinnana, sem skreyta sig nafni sósíal-  
ismans."

Þeir fyrirlitu áður að draga dul á skoðanir  
sínar.

Kommúnistaávarpið.

"Kommúnistar fyrirlíta að draga dul á  
skoðanir sínar og fyrirtælanir. Þeir lýsa  
því hiklaust yfir, að markmiði þeirra verður  
ekki náð, nema með því að beita valdi og  
kollvarpa öllu hinu ríkjandi þjóðskipulagi".



Sigur Vesturveldanna engu betri en nazista!

Þjv. 13. júlí 1940

"Hvaða ástæða er til að halda, að sigur Vesturveldanna verði nokkuð vitund betri en sigur Þjóðverja?> ....

Það er því ekkert val milli hernaðaraðilanna, því sérhver aðstoð, sem öðrum hvorum er veitt, þýður uppgjöf allrar baráttu fyrir friði og bætum hag þjóðanna."

Glæpsamleg heimska að berjast við nazismann!

Isvestía 9. okt. 1939

"Það er hægt að virða eða hata Hitlerismann, eins og sérhvert annað pólitískt skoðanakerfi. Slíkt er smekksatriði. En að hefja styrjöld til þess að "tortíma Hitlerismanum" er að láta glæpsamlega heimsku viðgangast í stjórnmálunum".

Að ljúga er ekki lýgi, heldur bláköld nauðsyn!

Die rote Fahne, 19. ágúst 1923

"Að nota lýgina sem baráttutæki, eins og kommúnistar gera í dagblöðunum, það er ekki að ljúga, það er bláköld nauðsyn."

Réttur 1944.

bls. 93

Í ástæðum opinberrar tilskipunar 28. des. 1938 er vitnað í dæmi um óstundvísí, um verkamenn sem komi ekki til vinnu nema fjóra eða fimm daga vikunnar og flakka frá einni verksmiðju til annarrar með stuttu millibili. Tilskipun þessi benti verksmiðjustjórum á þau fyrirmæli, að óafsakanlegar fjarvistir væru uppsagnarsök og að hægt væri að telja mönnum það til fjarvista, ef þeir kæmu tuttugu / mínútum of seint; það var enn fremur svo fyrir mælt, að forstjórar, sem létu undir höfuð leggjast að vika mönnum frá vinnu, ef þeir væri þrisvar fjarvistum á mánuði án ástæðu, eða fjórum sinnum á tveim mánuðum, skyldu sjálfir verða sóttir til sektar. Þá var og ákveðið, að í framtíðinni þyrftu menn að hafa unnið 11 mánuði á sama stað (í stað hálfs sjötta áður) til þess að öðlast réttindi til tveggja vikna leyfis með fullu kaupí, því að óprúttnir menn höfðu stundum brotið þessar reglur með því að vinna hálfan sjötta mánuð sítt í hvorri verksmiðjunni og tryggja sér þannig tvö leyfi á ári.



Einar Olgeirsson í Rétti 1938

bls. 2

Meginreglan, sem Sovétríkin berjast fyrir, er að þjóðirnar verndi sameiginlegt öryggi sitt með því að koma sameiginlega fram gegn friðarspillunum, tafarlaust og með harðfylgi.

Réttur 1937.

bls. 283.

Á ríkisbúi einu, sem ég heimsótti nálægt Rostov, voru lögstu laun 200 til 250 rúblur á mánuði með leigulausri íbúð. En hæstu laun faglarðs vélamanns voru 1500 rúblur.



Réttur 1942. Samþykkt á 3. þingi  
Sósíalístaflokksins sem skilyrði  
fyrir þáttöku flokksins í ríkisstjórn.  
bls. 102

Í utanríkismálum sé tekin upp ákveðin  
stefna með Bandamönnum og móti fas-  
ismanum. Ríkisstjórnin gefi út sam-  
úðaryfirlýsingu með Bandamönnum og  
stuðli að virkri aðstoð Íslendinga  
við landvarnir Íslands í samvinnu við  
hernaðaryfirvöldin, jafnframt því sem  
staðið sé á verði gegn hverskonar yfir-  
gangi erlends valds hér á landi á sviði  
viðskiptamála og stjórn mála. Tekið sé  
upp þegar í stað gagnkvæmt stjórn mála-  
samband við Sovétríkin. Leitað sé samn-  
inga við Bretland, Sovétríkin og Banda-  
ríkin og stjórnir annarra frjálsra þjóða

Réttur 1940. Erlend viðsjá.

bls. 103.

Hvernig stendur á því, að Þjóðverjar  
gerðu ekki í fyrrahaust bandalag við  
vesturveldin og snerust gegn Rússum, í  
stað þess að gera sáttmála við Sovétríkin  
og ráðast gegn vesturveldunum? Hver er  
undirrótin að þeirri djarflegu og hugum-  
stóru utanríkismálastefnu, sem Sovétríkin  
hafa  
~~þýtt/gétt~~ rekið að undanfögnu? Hvernig  
stendur á því, að á vettvangi alþjóða-  
stjórn mála virðast Sovétríkin ein geta  
haft fram allt það, er þeim sýnist, án  
þess að nokkurt ríki treystist til að  
leggja stein í götu þeirra?

Það hefur verið lítið gert að því  
að skýra þessar spurningar, og hér skal  
það ekki gert til neinnar hlítar. Aðeins  
skal á það bent, að skýringin á áðurtöld-  
um spurningum er fyrst og fremst fólgin í  
hinum gífurlega hernaðarstyrk Sovétríkjanna



Réttur 1941. Halldór Kiljan Laxness:

Mannasiðir.

bls. 2-3

Okkur finnst líka aðdánlegt, hvernig þá hinir brezku alþýðumenn, sem hér dvelja nú í herbúningi tugþúsundum saman, koma fram í landi okkar. Hin kyrrláta og hæverska framkoma þessara manna, hið þokkalega fas þeirra þrátt fyrir fátekt og hálfgildings-sveltu hermanna-skálans, kurteisí sú, sem þeir sýna manni í orðum og æði, og hið glaðvara látbragð þeirra, þrátt fyrir hið óvirðulega líf, sem þeir verða að þola hér fjarri heimilum sínum, ættingjum og ástvinum, sýnir okkur betur en allt annað hvern mann enska þjóðin hefur að geyma.

Réttur 1939 - J. Stalín á 18. flokksþinginu.

bls. 30

Allur ófriður, hversu takmarkaður sem hann er og hversu afskekktan útkjálka jarðar, sem hann snýst um, er hættulegur fyrir friðsömu ríkin.



Réttur 1941. Innland viðsjá eftir Br.  
Bjarnason. Ávarp miðstj. Sósíalístafll.  
bls. 133

"Íslenzka þjóðin, sem ann frelsi sínu  
öllu framar og er stolt af menningar-  
arfi sínum og sögu, er vissulega reiðu-  
búin til að leggja fram sinn skerf til  
þess að fasisminn, sem frelsi hennar og  
sjálfstaði stafar mest ógn af, megi verða  
að velli lagður. Íslenzka þjóðin fagnar  
þeim aðgerðum, sem gerðar eru í þessu  
skyni og hún mundi sízt harma þótt fas-  
ismanum yrði greidd þung högg og stór  
frá landi því, sem hún ein hefur byggt  
í þúsund ár og ein vill byggja um alla  
framtið."

Réttur 1939 - Ræða J. Stalíns á  
18. flokksþinginu  
bls. 27

Í raun og veru ýtir hlutleysisstefn-  
an undir árásir, glæðir stríðslogana  
og stuðlar að útbreiðslu stríðs allt  
til heimsstyrjaldar.

Réttur 1937.

bls. 328

Þær staðreyndir, að í Sovétríkjunum eru fullkornustu verksmiðjurnar, stærstu orkuverin, stórfenglegustu skipaskurðirnir, áræðmustu landkönnuðirnir, fegurstu leikhúsin, hjartnámasta hljómlistin og hinn tígulegi Rauði her til varnar landinu - eru í rauninni landvinningar hinnar sósíalistisku byltingar, og það fer ótvírætt langt fram úr því, sem hið fræðilega ímyndunarafl gat nokkru sinni áður gert sér gæin fyrir um sósíalismann.

Réttur 1936. Björn Franzson.

bls. 71.

Eins og aðrar kreddur trúarbragðanna er kenningin um tilveru guðs algerlega órökstudd, og meir en það. Hún er alger fjarstaða.



Réttur 1934. Gunnar Benediktsson.  
bls. 184-5

Kristsmýndir hafa undantekningarlítið sýnt sívolandi og sískælandi mannaumingja. Hann hefir grátið yfir öllum sköpuðum hlutum. Hann grætur yfir Jerúsalem. Hann grætur ~~yfir~~ við gröf Lazarusar, og hann grætur, þegar hann er að biðja til guðs. Í gegnum þennan eilífa grát átti hann að kenna fólkinu að vera sígrátandi, bæði í sorg og gleði. Við jarðarfarir áttu menn vitanlega að háskæla, elskendurnir áttu að gráta á brúðarþekknunum, og á sólbjörtum sumardögum áttu 14 ára ungmenntu að krjúpa skælandi inn við altari. Þannig áttu þau að staðfestast út í baráttu lífsins.

Þessum sívolandi Jesú hefir yfirstéttin haldið að alþýðunni, til þess að gera hana sem auðmjúkasta og viðráðanlegasta.

Réttur 1942. Þessi ófögnuður er í sögu eftir Ólaf Jóh. Sigurðsson.  
bls. 17

Nei, fari það í helvíti! hrópaði Bjóssi og tókst allur á loft. Hann færði sig nær henni og réðst heiftarlegar á kristindóminn. Jóhannes skírari var til dæmis útsmoginn kvennaþósi, sem taldi saklausar stúlkur til að fara úr fötum og stríplast út í ánni Jórdan. Síðan leiddi hann þær bak við hól.... jæja, sleppum því! Hvað var Pétur postuli? Heigull og svikari, sem afneitaði skoðunum sínum. Hvað var Páll? Bölvaður flakkari og kaplabrinki, sem sagði eitt í dag og annað á morgun. Guðspjallamennirnir Markús, Lúkas og Matteus voru allir mestu óráðsiúbelgir og kaplabrinkar. Jafnvel Lazarus, sem þóttist vera dauður, var einnig skelfilegur kaplabrinki.



Andstæðingarnir byrftu að fá krabbamein.

Þjv. 11/6 1950

Viðtal við Aðalbjörn Pétursson í tilefni af 30 ára gullsmíðsafmæli. Hann segir:

"Hati ég nokkra menn, þá eru það þeir, sem hafa reynt að selja fósturjörðina sjálfa, og mundi gráta þurrum tárúmm þann dag, sem þeir fengju krabbamein".

Réttur 1940. Erlend viðsjá.

bls. 53.

Flestir munu nú viðurkenna, að minnsta kosti í hjarta sínu, að stefna Sovétríkjanna í Finnlands-  
málum síðastliðinn vetur, hafi eingöngu markast af hernaðarlegum sjónarmiðum og að afstaða þeirra hafi verið skiljanleg og eðlileg.



Réttur 1940. Um söfnunina til  
Finlands. Innland viðsjá eftir  
Brynjólf Bjarnason.

bls. 38.

/ Óafmáanlegur blettur var settur á  
nafn íslenska Rauða krossins, sem var  
látinn standa fyrir þessari söfnun,  
landi sínu til smána. Það söfnuðust  
að minnsta kosti 180 þúsund krónur.  
Söfnun þessi minnti mjög á safnanir  
nazistanna í Þýzkalandi, og líktust  
oft á tíðum meir aðferðum ræningjans,  
sem heldur byssu fyrir brjóst manna  
og heimtar peningana eða lífið, en  
venjulegri friðsamlegri söfnun. Menn  
áttu á hattu að missa atvinnu sína,  
ef þeir ~~lögðu~~ ekki lögðu fram fé.

1  
h

Réttur 1939. Lenin: "Öreigalýður og  
styrjöld".

bls. 162

"Afstaða vor til styrjaldar hlýtur að  
vera mismunandi á ýmsum tímum, í sam-  
ræmi við hinar sögulegu aðstæður, inn-  
byrðis af stöðu stéttanna o.s.frv.  
Það væri heimskulegt að afneita þátt-  
töku í styrjöldum í eitt skipti fyrir  
öll og gera það að grundvallaratriði".



Réttur 1941. Innland viðsjá eftir  
Br. Bjarnason. Ávarp miðstj. Sósíalistaf  
bls. 134

Enginn Íslendingur getur því verið  
sinnulaus um þær skelfingar sem bíða  
vor, eins og annaræ þjóða, ef fasismanum  
tekst að vinna bug á Rauða hernum og  
öðlast mátt þann, er fylgir drottnun  
yfir Ukrainu og Kaukasus. Og þótt  
traust Íslensku þjóðarinnar á Rauða  
hernum sé gott og hún beri og vaxandi  
traust til baráttumáttar og baráttu-  
vilja hinnar brezku þjóðar, /þá ber  
þjóð vorri skylda til að vinna á sínu  
sviði allt hvað hún megnar að því að  
herstyrkur þjóðanna, sem gegn Hitler  
berjast, megi verða sem **bestur** og not-  
hæfastur í hvívetna, einnig hér á landi,  
og vill flokkurinn leggja áherslu að  
Íslenskur verkalyður og Íslenskur al-  
menningur stuðli að því eftir mátti að

Réttur 1939 - Einar Ólgeirsson: Valda-  
kerfi Íslands 1927-39

bls. 108

Út af fyrir sig er auðvitað ekkert  
við það að athuga að sósíalísti  
starfi í þjómustu ríkisins og stund-  
um er jafnvel hugsanlegt að beita  
embættum eða stöðum, sem þeir eru  
settir í, sem vígi fyrir verkalyðs-  
hreyfinguna.



Réttur 1937. 20. júní 1937 eftir J.V.

bls. 287

Hún teygir sig hingað hin kolsvarta

kló

til að klófesta sofandi lýð.

Því dugir ei lengur að doka með ró,

en djarfhuga búast í stríð.

Notaðu rétt þinn og rektu af þér

allan ranningja- og svikaher.

Réttur 1940. Erlend viðsjá.

bls. 55

Í samningatilboði því, sem Sovét-  
ríkin gerðu Finnlandi í fyrrahaust,  
fólst ekkert, sem skerti sjálfstæði  
Finnlands. Þetta viðurkenndu Finnar  
sjálfir um öll atriðin nema leiguna  
á Hangöskaga, en á því atriði strönduðu  
samningarnir. Þó var það ekki annað  
en viðbára. Enginn neitar því nú, að  
Finnar séu enn sjálfstæð þjóð, og  
hafa þeir þó orðið að ganga að stórum  
harðari skilmálum en farið var fram  
á í fyrra, meðal annars því, að leigja  
Hangöskaga.

Réttur 1943.  
bls. 14

Það er ekki lengur barizt um lítið. Sam-  
einaður flókkur íslenzkrar alþýðu atlar  
sér ekki að vinna neitt minna en landið  
allt, með gögnum og gæðum, atlar sér  
allan menningararf Íslendinga.

Hermann og kommar sammála.

Þjv. 22/11 1949 Úr forsíðurgrein um tilraunir  
Herm. Jónassonar til stjórnarmyndunar.

"Tveim dögum síðar hittust fulltrúar  
frá Framsóknarflokki og Sósíalístaflokki  
á viðræðufund um stjórnarmyndun. Á þeim  
fundi kom ekki fram neinn ágreiningur um  
málefnaleg skilyrði Sósíalístaflokksins, en  
hins vegar lýsti Hermann Jónasson yfir því,  
að myndun vinstri stjórnar væri ekki möguleg  
þar sem framsóknarflokkurinn og Sósíalista-  
flokkurinn hefðux ekki meirihluta á þingi."

(leturbr. Þjv.)



Réttur 1943. Einar Olgeirsson

bls. 94

Er ekki einmitt Ameríka það land, sem vér getum tekið oss til fyrirmyndar um tækni, verkhyggni og vinnuaðferðir?

Og þótt vér stöndum föstum fótum í menningu Evrópu, ættum vér þá að gleyma því, hvern ~~þess~~ þráð vér höfum sjálfir tengt milli Evrópu og Ameríku, þó smáir séum?

Og þó oss, eins og þorra Ameríkumanna líka, myndi hrjósa hugur við, ef fasistafturhald yrði þar ofan á, - munum vér samt ekki minnst þess ætíð, að þegar kúgun svarf að Íslendingum á síðustu öld, þá var Ameríka með "landrýmið sítt mikla" athvarf fjölda dáðadrengra? Aldrei skal það firnast með þjóð vorri, að "vestran óbyggð" veitti einhverjum stórbrotnasta Íslending, sem fæðzt hefur, möguleika til æðsta þroska, sem nokkur af voru skáldakyni hefur náð - þegar andans Akrahreppur

Réttur 1943.

bls. 29

Íslenskir alþjóðumenn, karlar og konur. Leggið ykkar skerf í söfnunina til Rauða kross Sovétríkjanna, gerið söfnunina svo mikla, að Íslendingum verði sómi að.

(Mætti kannske nota sem andstaðu við mótþróa þeirra við Finnlandssöfnunina).

Réttur 1939. Lenin: "Opið bréf til  
Boris Souvarine".

bls. 162

"Frá sjónarmiði Marxismans er nauð-  
synlegt að ákvarða stjórnmalaeðli  
hverrar stýrjaldar út af fyrir sig".

Réttur 1941. Halldór Kiljan Laxness:  
Mannasiðir.

bls. 7

Það er almannamál út um heim, og  
frægt af bókmenntum að gáfnastig  
herforingja í venjulegum kapítalista-  
herjum sé hið lægsta sem hagt er að  
komast utan fávítahælanna, en í venju-  
legum kapítalistískum her eru hinir  
heimskari pabbasynir hafðir fyrir  
foringja, auðvaldsdrengrir þeir, sem  
til einskis duga í borgaralegu lífi  
eru settir þangað í krafti peninga  
sinna, eða pabbanna.



Réttur 1940. Erlend viðsjá.

bls. 102

Og að lokum stældu þeir hernaðarkenn-  
ingar bolsévika svo vel, að við lá, að  
þeir gætu unnið styrjöldina á nokkrum  
vikum. (Þeir höfðu sérstaklega góð  
skilyrði til þess að kynnast hernaðar-  
kenningum bolsevika, með því að margir  
þýzkir herforingjar fengu að starfa með  
rússneska hernum á tímum Weimerlýðveldis-  
ins, þegar Þjóðverjar máttu ekki hafa  
nema mjög takmarkaðan her, sem ekki gat  
veitt herforingjum þessum verulegt starfs-  
svið).

Réttur 1940. Erlend viðsjá.

bls. 54.

Þannig stóð á því, að hagsmunir  
pólítískrar klíku í London réðu  
því, hvernig mestur hluti íslenzku  
Þjóðarinnar leit á Finnlandsmálið.  
Þetta ætti að geta orðið mörgum  
hollur lærdómur, svo að þeir ~~þóru~~  
þáti ekki öðru sinni óhlutvanda póli-  
tíska forkólfa teyma sig út í  
glórulausa og tilefnislausa tryll-  
ingu, sem þeir þurfa að blygðast  
sín fyrir hálfu árið síðar.



Réttur 1940. Veraldarstríð og  
verkalýðshreyfing.

bls. 20.

Það mun í því efni sem svo mörgum  
öðrum verða reyndin, að verkalýð  
og vinnandi stéttum heimsins verður  
ekki önnur leið fær en þjóðbraut  
sú, er hin mikla rússneska bylting  
markaði fyrir tuttugu árum.

Réttur 1940. Veraldarstríð og verka-  
lýðshreyfing.

bls. 16

Lausnarorð verkalýðsins í þessu stríði  
er ekki að neita að berjast, heldur að  
berjast sem sósíalísti, fyrir falli  
yfírráðastéttarinnar í öllum stríðslöndum  
fyrir valdatöku verkalýðsins, fyrir  
frelsi nýlendanna og sjálfsákvörðunar-  
rétti þjóðanna. Það þýðir að verkalýður-  
inn má ekki linna á stéttabaráttu sinni  
meðan á styrjöldinni stendur, hann  
verður að halda fast við bardagarétt  
sinn og beita honum gegn kúgurum sínum  
og kvölurum. Mitt í ógnum stríðsins  
verður verkamaðurinn, hverrar þjóðar  
sem hann er, hvort sem hann er staddur  
á vígvellinum eða við vinnu sína, að  
starfa í þjónustu sósíalískrar hugsjón-  
ar.



Réttur 1940. Lenin: Fyrirlestur

fluttur 14. október 1914.

bls. 16

"Ef stríðið hefur á annað borð brotist út, þá er óhugsanlegt að komast undan því. Maður verður að ganga út í stríðið og gera skyldu sína sem sósíalísti. Á vígvellinum hugsa menn og ígrunda ef til vill enn meira en heima hjá sér. Þangað verður maður að fara og þar verður maður að fylkja öreigalýðnum til baráttu fyrir lokatakmarkinu".

Réttur 1939. R. Palme Dutt: Styrjöldin og sósíalísmínn.

bls. 164

Verkalýðshreyfíngin skyldi einbeita baráttunni gegn heímsvaldastefnu heímalandsíns, sýna fram á blekkingar-  
eðli slagorðsíns um varnarstýrjöld, neita að taka varnarstöðu fyrr en alþýðan hafði náð völdum, breyta heímsvaldastýrjöldinni í borgarastýrjöld og berjast fyrir sigri sósíalísmans, er hlýtur að verða aðaltakmark alþýðustéttanna í öllum heímsvaldastýrjöldum.

Réttur 1939. R. Palme Dutt: Styrjöld-  
in og sósíalisminn.

bls. 181

Auk endurreisnar Póllands hafa Banda-  
menn lýst yfir aðeins einu stríðs-  
takmarki: "Útpurrkun Hitlerismans".  
Hvað er meint með því? Þeirri spurn-  
ingu fást ekki svarað. Að sjálf-  
sögðu er kollvörpun Hitlersstjórn-  
arinnar hlutverk þýzku þjóðarinnar,  
en gerist ekki á þann hátt að ný  
stjórn sé sett yfir landið með utan-  
aðkomandi hernaðaraðgerðum.

Réttur 1939. R. Palme Dutt: Styrjöld  
og sósíalisminn.

bls. 182

Einungis sterk, óháð og herská verka-  
lýðshreyfing getur varið hagsmuni verka-  
lýðsins gegn þessum árásum.



Réttur 1939. R. Palme Dutt: Styrjöldin  
og sósíalísmínn.

bls. 182

Brezki verkamannaflokkurinn hefur  
gengið til samvinnu við Chamberlain-  
stjórnina, hefur "trúnaðarmenn" við  
helztu ráðuneytin og hefur lýst yfir  
pólítísku vopnahléi meðan á styrjöld-  
inni stendur. Þessi afstaða er stór-  
hættuleg hagsmunum verkalyðshreyfing-  
arinnar og brezku þjóðarinnar.

Réttur 1939. R. Palme Dutt: Styrjöldin  
og sósíalísmínn.

bls. 182

Í öllum styrjaldarlöndum safnast  
fyrir sprengiefni. Nýlendupjóðirnar  
rykkja í fjötra sína og sjá möguleika  
opnast til aukinnar frelsisbaráttu.  
Önnur heimsvaldastyrjöldin er hið  
sögulega merki alþýðunnar í Evrópu  
og nýlendupjóða heimsins. Tíminn  
er kominn til að varpa af sér hlekkj-  
unum og hefja nýja sókn til takmarks-  
ins - sigurs sósíalísmans um allan  
heim.



Réttur 1939. R. Palme Dutt: Styr-  
jöldin og sósialisminn.

bls. 176

En það varð að finna leið til að  
sundra samfylkingu afturhaldsaflanna.  
Og 23 ágúst undirritaði sovétstjórnin  
griðarsáttmála milli Sovétríkjanna  
og Þýskalands.

Réttur 1939. R. Palme Dutt: Styrjöldin  
og Sósíalisminn.

bls. 163

Til að leysa úr verkefnum þessum, má  
búast við að nota þurfi ýmis baráttu-  
form, er hvert samsvari þeim þróunar-  
stigum sem myndast við hinar örskjótu  
breytingar á kraftahlutföllum, er gera  
má ráð fyrir.



Réttur 1939 - Einar Olgeirsson: Valda-  
kerfi Íslands 1927-39  
bls. 106

En með því að öðlast hinn sósíalistíska  
skilning á þjóðfélaginu, sér verka-  
maðurinn hvern mátt og möguleika stétt  
hans hefur til að frelsa sjálfa sig  
endanlega úr ófrelsi, ánauð og fátækt  
með því að afnema auðvaldsþjóðfélagið  
og koma á sósíalísmanum, sameign verka-  
lýðsins á framleiðslutækjunum.

Réttur 1939 - J. Stalin á 18. flokks-  
þinginu, um sameiningu Sovét-Úkraínu  
Karpato-Úkraínu.

En séu til í reynd svo brjáláðir  
menn, þá verið viss um að í landi  
voru er nóg af spennitreyjum til  
þess að gera þá skaðlausa. (Lófatak).  
bls. 28

Einar Olgeirsson í Rétti 1938

bls. 172

Íslenzka þjóðin veður öll að vakna til meðvitundar um það, að með því að þora að beita af skörungsskap og viti þjóðfrelsi sínu og lýðræði þjóðinni sjálfri til hagsbóta, þá getur hún skapað sér hér góð kjör og öruggan rétt.